

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2019



KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2019

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2019. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og verðum með tvo tíma í kvikmyndafræðum fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla þar sem við könnum kvikmyndasöguna, fjöllum um hvað er kvikmynd og hvernig við lesum hana með ótal vísunum í kvikmyndasöguna.

Við verðum með að vanda með fjölbreytt úrval kvikmynda á vorönn og þögult þema. Við sýnum Sirkusinn sem er ein af skemmtilegustu myndum Chaplin, Rauðu skjaldbökuna og Blancanieves, en þær tvær síðastnefndu eru glænýjar og óður til þögla tímabilsins. Við könnum menningarheim unglings frá París sem fer til Búrkína Fasó þangað sem hann á ættir að rekja og félagsleg vandamál í myndinni What's Eating Gilbert Grape, fáum innsýn í heim skáldkonunnar Jane Austín með Becoming Jane og fylgjumst með síðustu dögum Hitlers í myndinni Downfall.

Fulltrúar SÁÁ og ungmenni sem áttu við eiturfjandana að stríða verða á sýningum á myndinni Thirteen og svara spurningum nemenda. Við sýnum jafnframt glænýja, danska mynd sem gerist eingöngu á neyðarlínunni í Kaupmannahöfn og er framlag Dana til Óskarsverðlaunanna.

Að þessu sinni verðum við með þrjár myndir sem henta leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla, en það eru Ernest og Celestína, Rauða skjaldbakan og Brave.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



SÝNINGARPLAN VEGNA SKÓLASÝNINGA VORIÐ 2019

JANÚÁR

jan	fim.	17-01-19	10:00	Ernest og Celestína	1.-4. bekkur
jan	fim.	17-01-19	13:00	What's Eating Gilbert Grape	8.-10. bekkur
jan	þri.	22-01-19	10:00	Rauða skjaldbakan	2.-7. bekkur
jan	þri.	22-01-19	13:00	Becoming Jane	8.-10. bekkur

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
■	■	■	■						
							■	■	■
	■	■	■	■	■				
							■	■	■

FEBRÚÁR

feb.	þri.	05-02-19	10:00	Sirkusinn	5.-10. bekkur
feb.	þri.	05-02-19	13:00	Downfall	10. bekkur
feb.	þri.	12-02-19	10:00	Wallay	6.-10. bekkur
feb.	þri.	12-02-19	13:00	Hvað er kvikmynd	5.-10. bekkur
feb.	fim.	21-02-19	10:00	Brave	1.-4. bekkur
feb.	fim.	21-02-19	13:00	Hinn seki	9.-10. bekkur

					■	■	■	■	■
									■
					■	■	■	■	■
				■	■	■	■	■	■
■	■	■	■						
								■	■

Vetrarfrí í skólum og Stockfish hátíðin

MAR!

mars	fim.	07-03-19	10:00	Ernest og Celestína	1.-4. bekkur
mars	fim.	07-03-19	13:00	Becoming Jane	8.-10. bekkur
mars	fim.	14-03-19	10:00	Blancanieves/Rauða skjaldbakan	7.-10. bekkur
mars	fim.	14-03-19	13:00	What's Eating Gilbert Grape	8.-10. bekkur
mars	þri.	19-03-19	10:00	Thirteen	9.-10. bekkur
mars	þri.	19-03-19	13:00	Wallay	6.-10. bekkur
mars	fim.	28-03-19	10:00	Brave	1.-4. bekkur
mars	fim.	28-03-19	13:00	Rauða skjaldbakan	2.-7. bekkur

■	■	■	■						
							■	■	■
	■	■	■	■	■	■	■	■	■
							■	■	■
									■
					■	■	■	■	■
■	■	■	■						
	■	■	■	■	■				

apríl	fim.	04-04-19	10:00	Downfall	10. bekkur
apríl	fim.	04-04-19	13:00	Becoming Jane	8.-10. bekkur
apríl	þri.	09-04-19	10:00	Wallay	6.-10. bekkur
apríl	þri.	09-04-19	13:00	Sirkusinn	5.-10. bekkur
apríl	þri.	23-04-19	10:00	Hinn seki	9.-10. bekkur
apríl	þri.	23-04-19	13:00	Thirteen	9.-10. bekkur
apríl	þri.	30-04-19	10:00	Ernest og Celestína	1.-4. bekkur
apríl	þri.	30-04-19	13:00	Blancanieves	7.-10. bekkur

									■
							■	■	■
					■	■	■	■	■
									■
								■	■
■	■	■	■						

Form fyrir skóla:

Til dæmis: Fimmtudagur xx.xx

Nafn skóla:

KL.10:00/13:00	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Kennarar	Samtals
Fjöldi nem.									



ætlað þessum aldurshópi



getur hentað - mat kennara hverju sinni



ef tvær myndir eru á sama degi

GRUNNSKÓLASÝNINGAR VORÖNN 2019

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 17. JANÚAR KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

FIMMTUDAGUR 17. JANÚAR KL. 13:00 – WHAT’S EATING GILBERT GRAPE

ÞRIÐJUDAGUR 22. JANÚAR KL. 10:00 – RAUÐA SKJALDBAKAN

ÞRIÐJUDAGUR 22. JANÚAR KL. 13:00 – BECOMING JANE

ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR KL. 10:00 - SIRKUSINN

ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR KL. 13:00 - DOWNFALL

ÞRIÐJUDAGUR 12. FEBRÚAR KL. 10:00 - WALLAY

ÞRIÐJUDAGUR 12. FEBRÚAR KL. 13:00 – HVAÐ ER KVIKMYND?

FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR KL. 10:00 - BRAVE

FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR KL. 13:00 – HINN SEKI

VETRARFRÍ 25. og 26. FEBRÚAR og STOCKFISH

FIMMTUDAGUR 7. MARS KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

FIMMTUDAGUR 7. MARS KL. 13.00 – BECOMING JANE

FIMMTUDAGUR 14. MARS KL. 10:00 – BLANCANIEVES/RAUÐA
SKJALDBAKAN

FIMMTUDAGUR 14. MARS KL. 13:00 – WHAT’S EATING GILBERT GRAPE

ÞRIÐJUDAGUR 19. MARS KL. 10:00 – THIRTEEN

ÞRIÐJUDAGUR 19. MARS KL. 13:00 – WALLAY

FIMMTUDAGUR 28. MARS KL. 10:00 BRAVE

FIMMTUDAGUR 28. MARS KL. 13:00 RAUÐA SKJALDBAKAN

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL KL. 10:00 - DOWNFALL

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL KL. 13 :00 – BECOMING JANE

ÞRIÐJUDAGUR 9. APRÍL. KL. 10:00 - WALLAY

ÞRIÐJUDAGUR 9. APRÍL KL. 13.00 – SIRKUSINN

PÁSKAFRÍ

ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL KL. 10:00 – HINN SEKI

ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL KL. 13:00 - THIRTEEN

ÞRIÐJUDAGUR 30. APRÍL KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA


ÞRIÐJUDAGUR 30. APRÍL. KL. 13:00 - BLANCANIEVE

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com



RAUÐA SKJALDBAKAN 2.-7. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2016*

LENGD: *80 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland, Japan, Belgía*


LEIKSTJÓRI: *Michaël Dudok de Wit*

TUNGUMÁL: *Þögun*

Maður nokkur verður strandaglópur á eyðieyju í hitabeltinu og neyðist til að læra að komast af. Náttúran er gjafmild og maðurinn finnur ferska ávexti og vatn, skemmtileg dýr og bambustré. Hann ákveður að búa til fleka úr trjánnum til að komast í burtu, en það fer ekki eins og ætlað var. Dularfull, rauð skjaldbaka upp úr sjónum og líf mannsins breytist til frambúðar.

Rauða skjaldbakan var samstarfsverkefni á milli Frakklands og Japan og vakti mikla athygli þar sem hún er þögun. Hún hlaut Un certain regard verðlaunin í Cannes og var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda teiknimyndin.

SIRKUSINN – CHAPLIN 5.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Þögul gamanmynd, 1928

LENGD: 70 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Charles Chaplin

AÐALHLUTVERK: Charles Chaplin, Al Ernest Garcia, Merna Kennedy

TUNGUMÁL: Þögul

Sirkusinn er ein af sjaldsédari perlum Chaplin, en er jafnframt ein sú vinsælasta. Litli flækingurinn kemur að fjölleikahúsi í leit að mat, en hann er svangur og aurlaus. Hann fær vinnu sem trúður en í ljós kemur að hann vekur miklu meiri lukku á sviðinu þegar hann er ekki að reyna að vera fyndinn. Hann lendir í ýmsum ævintýrum í fjölleikahúsinu, lokast inni í ljónabúri og kynnist fallegri stúlku.

Chaplin átti í miklum erfiðleikum meðan á tökum myndarinnar stóð. Móðir hans lést og hluti af filmunum eyðilögðust í eldsvoða. Myndin er samt sem áður með best heppnuðustu og vinsælustu myndum Chaplin.

BLANCANIEVES 7.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2012*

LENGD: *104 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Spánn*

LEIKSTJÓRI: *Pablo Berger*

AÐALHLUTVERK: *Maribel Verdú, Daniel Giménez Cacho, Ángela Molina, Pere Ponce, Macarena García*

TUNGUMÁL: *Þögl*

Blancanieves er byggð á ævintýrinu um Mjallhvíti og gerist í Andalusíu á Spáni á þriðja áratugnum. Myndin segir frá dóttur nautabana sem þekkti aldrei móður sína, en faðir hennar kenndi henni listir sínar, enda frægur nautabani. Hún býr við illt viðurværi hjá vondri stjúp móður sinni, en kemst í burtu og leggur af stað með dvergum á vit ævintýrana.

Blancanieves er óður til þöglu myndanna og hefur hlotið mörg verðlaun, þar á meðal Silfurskelina á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í San Sebastian og tíu Goya verðlaun fyrir bestu myndina. Hún sækir mikið í hefð þýsku expressjónistanna frá þriðja áratugnum og auðvelt er að kynna nemendum þá hlið kvikmyndasögunnar. Kvikmyndatakan er sérlega falleg og tónlistin áhrifamikil, sótt í ósvikna flamenco-tónlist.



TEGUND OG ÁR:

Teiknimynd, 2012

LENGD: 80 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: FRAKKLAN, BELGÍA

LEIKSTJÓRI: *Stéphane Aubier, Daniel Pennac*

AÐALHLUTVERK: *Lambert Wilson, Pauline Brunner, Anne-Marie Loop, Patrice Melennec*

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Ernest og Celestína er frönsk/belgísk teiknimynd byggð á samnefndum teiknibókum eftir Gabrielle Vincent. Hún segir frá músinni Celestínu sem elst upp á fósturheimili fyrir mýs og dreymir um að verða frægur listmálari, en á að verða tannlæknir þegar hún stækkar. Þótt birnir séu óvinir músanna í myndinni, kynnist Celestína birninum Ernest sem langar til að verða tónlistarmaður, en átti að gerast dómari eins og aðrir í fjölskyldunni. Ernest og Celestína verða vinir og lenda í ýmsum spennandi ævintýrum.

BECOMING JANE 8.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, ævisaga, 2007*

LENGD: 120 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Bretland, Írland*

LEIKSTJÓRI: *Julian Jarrold*

AÐALHLUTVERK: *Anne Hathaway, James McAvoy, Maggie Smith*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Becoming Jane segir frá ævi skáldkonunnar Jane Austen, en hún fæddist 16. desember 1775 í Steventon í Hampshire. Hún var prestsdóttir sem langaði til að verða rithöfundur og byrjaði að skrifa ellefu ára gömul. Foreldrar hennar voru ekki sátt við fyrirætlanir hennar og vildu að hún giftist eins og flestar ungar konur á þessum tíma, en Jane giftist aldrei þótt hún hafi átt vonbiðla. Myndin segir frá kynnum hennar af ungum írskum manni sem hafði mikil áhrif á líf hennar og starf sem skáldkona, en Jane er frægust fyrir skáldsögurnar *Sense and Sensibility*, *Northanger Abbey* og *Pride and Prejudice*, en hún skrifaði einnig smásögur og leikrit. Verk hennar hafa flest verið kvikmynduð og sett á svið og njóta mikilla vinsælda í dag.

DOWNFALL 10. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2004*

LENGD: *155 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Þýskaland*

LEIKSTJÓRI: *Oliver Hirschbiegel*

ÁDALHLUTVERK: *Bruno Ganz, Alexandra Maria Lara, Corinna Hafouch*

TUNGUMÁL: *Þýska með íslenskum texta*

Downfall eða Der Untergang segir frá síðustu dögum Hitlers. Hún gerist í apríl árið 1945 þegar Þýskaland er við það að tapa heimstýrjöldinni síðari. Rússar sækja að Þjóðverjum úr austri og bandamenn úr vestri. Þýskir hershöfðingjar eins og Himmler og Goring eru farnir að efast um Hitler og Himmler reynir að gera samninga við bandamenn á laun, en Goebbels fylgir honum í blindni þar til yfir lýkur.

Myndin er byggð á bókinni *Until the Final Hour* eftir einkaritara Hitlers, Traudl Jungle og *Inside Hitler's Bunker* eftir sagnfræðinginn Joachim Fest. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin og er talin gefa skýra mynd af atburðunum sem leiddu til uppgjafar Þýskalands í síðari heimsstyrjöldinni.

WHAT'S EATING GILBERT GRAPE - 8.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 1993*

LENGD: *118 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Lasse Hallström*

AÐALHLUTVERK: *Johnny Depp, Juliette Lewis, Leonardo DiCaprio*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Myndin gerist í smábæ í Bandaríkjunum þar sem Gilbert Grape vinnur í matvörubúð. Hann þarf að annast um og móður sína, sem er offitusjúklingur, og einhverfan bróður að nafni Arnie. Dag nokkurn hittir hann unga konu að nafni Becky sem kemur til bæjarins ásamt ömmu sinni og líf hans tekur óvæntum breytingum.

What's Eating Gilbert Grape vakti mikla athygli á sínum tíma þar sem myndin lýsir fjölskyldu sem er í molum og tekur á málum eins og einhverfu. Leonardo DiCaprio hlaut sína fyrstu Óskarstilnefningu fyrir besta leik í aukahlutverki, en hann leikur einhverfa bróðurinn Arnie Grape.

DEN SKYLDIGE/ HINN SEKI 9.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2018

LENGD: 84 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Gustav Möller

ÞADALHLUTVERK: Jakob Cedergren, Jessica Dinnage, Johan Olsen

TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta

Danskur spennutryllir einsog þeir gerast bestir! Lögreglumaðurinn Asger Holm er kominn í skrifstofustarf við að svara símtölum í neyðarlínuna og er ekki sá þolinmóðasti í bransanum. Dag einn fær hann símtal frá konu sem hefur verið rænt og það reynir á taugar hins fyrirverandi rannsóknarlögreglumanns þegar slóðin virðist teygja sig dýpra í glæp sem hann óraði ekki fyrir.

Hinn seki hlaut áhorfendaverðlaunin á bæði Sundance og Rotterdam, og hefur verið sýnd á sumum stærstu kvikmyndahátíðum heims við einróma lof gagnrýnenda. Hún er framlag Dana til Óskarsverðlaunanna í ár.

THIRTEEN 9.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2003*

LENGD: *100 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Catherine Hardwicke*

AÐALHLUTVERK: *Evan Rachel Wood, Nikki Reed, Holly Hunter*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Thirteen er verðlaunakvikmynd sem fjallar um erfiðleika uppvaxtaráranna. Hún segir frá Tracy sem er þrettán ára fyrirmyndarnemandi í Los Angeles. Foreldrar hennar eru skilin og móðir Tracy berst við að standa sig, en hún er óvirkur alkohólisti og sækir AA fundi. Tracy er meinilla við kærasta móður sinnar og þegar hann kemur heim eftir að hafa verið í fangelsi, gerir hún uppreisn. Tracy öfundar vinsælustu og fallegustu stúlkuna í skólanum, Evie, og brátt verða þær bestu vinkonur. En Evie reynist áhrifavaldur til hins verra og kynnir Tracy fyrir heim smáglæpa og eiturlyfja.

Nikki Reed sem leikur Evie, skrifaði handritið ásamt leikstjóra myndarinnar, en myndin er byggð á minningum hennar og hvernig henni tókst að finna jafnvægi eftir að hafa verið í neyslu. Myndin hlaut Sundance-verðlaunin árið 2003.

Fulltrúar SÁÁ og ungmenni sem voru í neyslu verða viðstödd sýningu og svara spurningum nemenda að lokinni sýningu.

WALLAY 6.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2017*

LENGD: *84 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland, Burkínó Fasó*

LEIKSTJÓRI: *Pablo Berger*

AÐALHLUTVERK: *Makan Nathan Diarra, Ibrahim Koma, Hamadoun Kassogué*

TUNGUMÁL: *Franska með enskum texta*

Wallay segir frá þrettán ára gömlum unglingi, Ady, sem er farinn að óhlýðnast föður sínum svo hann sendir hann til sumardvalar í litlu þorpi í Burkínó Fasó þar sem hann á ættir að rekja. Föðurbróðir hans er höfuð fjölskyldunnar í Afríku, gamaldags og strangur og ætlast til þess að Ady leggi sitt af mörkum fyrir fjölskylduna. Ady finnst erfitt að aðlagast þessum menningarheimi sem er framandi fyrir honum, hann á erfitt með að skilja hvað vatnið er dýrmætt á þessum slóðum og hvað lífsbaráttan er hörð miðað við það þægilega líf sem hann lifði í Frakklandi.

Myndin hlaut EFA-verðlaunin 2018, verðlaun ungra áhorfenda, en nokkrir ungir íslenskir nemendur tóku þátt í keppninni sem var haldin í Bíó Paradís á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

BRAVE 1.-4. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2012*

LENGD: *93 MIN*

LAND: *BANDARÍKIN*

LEIKSTJÓRI: *Mark Andrews, Brenda Chapman*

AÐALHLUTVERK: *Kelly Macdonald, Billy Connolly, Emma Thompson*

TUNGUMÁL: *Íslenskt tal*

Brave gerist í skosku hálöndunum og segir frá Meridu prinsessu, dóttur Fergusar konungs og Elonor drottningu, sem er fáðama góður bogmaður og sérlega óstýrilát. Samkvæmt helgum venjum konungdæmisins á Merida á giftast en hún kærir sig alls ekki um það því hún virðir frelsi sitt of mikið. Þessi ákvörðun Meridu veldur miklum usla í konungdæminu og til að koma málunum í réttan farveg aftur, leitar hún hjálpar hjá gamalli og göldróttri konu.

Einn af leikstjórum myndarinnar, Brenda Chapman, vildi með þessari mynd skapa raunverulegri kvenhetju sem gæti verið raunhæfari fyrirmynd stúlkna en hinar dæmigerðu staðalímyndir í Disney-myndum. Merida þráir frelsi og sjálfstæði og sýnir mikið hugrekki til að ná takmarki sínu.

HVAÐ ER KVIKMYND?



Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi, allt frá Ferðinni til tunglsins eftir Georges Méliès til Grand Budapest Hotel eftir Wes Anderson. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum. Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

Oddný Sen tók saman

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com





KVIKMYNDIR

ERNEST OG CELESTÍNA – Teiknimynd, vatnslitir, mannréttindi, fordómar, vinátta ólíkra einstaklinga, 1.-4. bekkur

RAUÐA SKJALDBAKAN – Ævintýri, lífsleikni, náttúran, eyðieyja, að smíða fleka, 2.-7. bekkur

SIRKUSINN – Bíóklassík, myndir Chaplín, að vera utangarðs, þöglar myndir, fjölleikahús, ljón, ástarsamband, 7.-10. bekkur

BLANCANIEVES – Spánn á þriðja áratugnum, markmiðasetning, femínismi, fjölskyldumynstur, flamencotónlist 7.-10. bekkur

HINN SEKI – Neyðarlínan, Kaupmannahöfn, samskipti lögreglu og fórnarlamb, geðræn vandamál, spenna, danska, 9.-10. bekkur

THIRTEEN – Forvarnir, að verða unglingur, skilnaður foreldra, slæmur félagsskapur, smáglæpir, sönn saga, bati 9.-10. bekkur

BECOMING JANE – Ævisaga Jane Austen, ástir ungmenna, enskar bókmennir, kvenréttindi, markmiðasetning, að velja lífsstarf, 8-10. bekkur

WALLAY– Ólíkir menningarheimar, félagsleg vandamál, fjölskyldutengsl í Búrkína Fasó, markmiðasetning, 6- 10. bekkur

BRAVE–Teiknimynd, kvenréttindi, markmiðasetning, fjölskyldutengsl, ævintýri, galdrar, 1.-4. bekkur

DOWNFALL - Mannkynssagan, lokadagar Hitlers, endalok seinni heimstyrjaldarinnar, uppgjöf Þjóðverja, 10. bekkur

WHAT'S EATING GILBERT GRAPE – Fjölskyldumynstur, smábæjarlíf, veikindi móður, einhverfa, ástir 8.-10. bekkur

HVAÐ ER KVIKMYND? Tími í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu, hvernig lesum við kvikmyndir, 6.-10. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

